

7. Merktar gangbrautir skulu vera á eftirtöldum stöðum:
- Ennisbraut við Grunnskóla,
  - Bæjartúni við Ennisbraut,
  - Hjarðartúni við Ennisbraut,
  - Ólafsbraut við Ennisbraut,
  - Norðurtanga við Ólafsbraut,
  - Bæjartúni við Kirkjutún,
  - Hjarðartúni við Kirkjutún,
  - Kirkjutúni við göngubrú yfir Gil,
  - Grundarbraut við Ólafsbraut,
  - Ólafsbraut móts við Hótel Nes og
  - Grundarbraut móts við Verslunina Hvamm.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968 að fengnum tillögum bæjarstjórnar Ólafsvíkurkaupstaðar og koma til framkvæmda þegar í stað.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð í Ólafsvíkurkaupstað, sem brjóta í bága við ákvæði auglýsingar þessarar.

*Bæjarfógetinn í Ólafsvík, 9. júlí 1984.*

**Jóhannes Árnason.**

## AUGLÝSING

### um bann við upprekstri hrossa á Auðkúluheiði í A.-Húnavatnssýslu.

Landbúnaðarráðuneytið hefur skv. heimild í 5. mgr. 23. gr. laga nr. 17/1965 um landgræðslu, sbr. 2. gr. laga nr. 42/1982, ákveðið að banna upprekstur hrossa á Auðkúluheiði í Austur-Húnavatnssýslu, þ. e. sameiginlegan afrétt Torfalækjarhrepps, Blönduóshrepps og Svínavatnshrepps. Bann þetta tekur til svæðis, sem afmarkast af Blöndu að austan, að norðan af afréttargirðingu, sem liggur frá Blöndu sunnan Eidsstaða í Vatnsdalsá, að vestan af afréttarmörkum Auðkúluheiðar og Grímstunguheiðar og sauðfjárveikivarnagirðingu á Kili að sunnan.

Bannið gildir frá og með 15. júlí n.k. og til ársloka 1984.

Um brot gegn banni þessu fer eftir ákvæðum 42. gr. laga nr. 17/1965 um landgræðslu sbr. 40. gr. laga nr. 10/1983.

*Landbúnaðarráðuneytið, 14. júlí 1984.*

**Jón Helgason.**

*Tryggvi Gunnarsson.*